

Embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur samkvæmt viðauka 2.4 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.

Ár 2021, föstudaginn 20. ágúst kl. 09:10, hélt skipulagsfulltrúi Reykjavíkur 833. embættisafgreiðslufund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu skipulagsfulltrúa Borgartúni 12 - 14, 2. hæð, Stardalur.

Fundinn sátu: Björn Axelsson, Ólafur Melsted, Lilja Grétarsdóttir, Helena Stefánsdóttir og Ólöf Sara Gregory.

Eftirtaldir embættismenn kynntu mál á fundinum: Magnús Jónsson, Sigríður Lára Gunnarsdóttir, Hildur Gunnarsdóttir, Hrafnhildur Sverrisdóttir, Ingvar Jón Bates Gíslason og Sólveig Sigurðardóttir.

Ritari var Harri Ormarsson.

Þetta gerðist:

- Bauganes 15, (fsp) stækkun húss** (01.672.1) Mál nr. SN210455
Skjalnr. 6607
Kristinn Darri Arinbjargarson, Bauganes 15, 102
Lögð fram fyrirspurn Kristins Darra Arinbjargarsonar og Dagrúnar Davíðsdóttur dags. 22. júní 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 15 við Bauganes, samkvæmt meðfylgjandi skissu á yfirlitsmynd.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Dugguvogur 23, (fsp) breyting á notkun** (01.454) Mál nr. SN210568
Skjalnr. 6928
Narfi Þorsteinsson, Njálsgata 19, 101 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Narfa Þorsteinssonar dags. 11. ágúst 2021 um breytingu á notkun á rými í húsinu á lóð nr. 23 við Dugguvog úr skrifstofu í íbúð.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Dugguvogur 42, Dugguvogur 2 - Matvælaframleiðsla - bruggun áfengis** (14.520.01) Mál nr. BN059750
Skjalnr. 14539
Óskar Freyr Ericsson, Hjálmholt 4, 105 Reykjavík
Brunnur Distillery ehf., Höfðabakka 9, 110 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi til framleiðslu áfengis í húsi á lóð nr. 42 við Dugguvog.
Erindi fylgir samþykki aðila móttekið þann 11. ágúst 2021. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
- Fiskislóð 24-26, starfsleyfi ökutækjaleigu - bæta við bílum, breyting á bílaflota** (01.087.7) Mál nr. SN210572
Skjalnr. 14251
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram bréf Samgöngustofu dags. 6. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Róberts R. Róbertssonar f.h. Airmangi ehf. um að fjölga bifreiðum ökutækjaleigu að Fiskislóð 26 úr einu ökutæki til útleigu í fjögur ökutæki til útleigu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2021 samþykkt.

5. **Haukdælabraut 40, Einbýlishús** (51.146.07) Mál nr. BN058806
Skjalnr. 14530
Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja tvílyft einbýlishús með auka íbúð og innbyggðum bílskúr á lóð nr. 40 við Haukdælabraut.
Stærðir: 344.7 ferm., 1413.6 rúmm. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Erindi fylgir mæliblað 5.114.6 dags. 21. febrúar 2008, hæðablað 5.114.6 - B dags. 25. maí 2008, yfirlýsing hönnuðar vegna eignarhalds aðliggjandi lóða nr. 64 og 42 og bréf frá hönnuði varðandi samþykki, dags. 27. júlí 2021. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021 samþykkt.
6. **Haukdælabraut 42, Einbýlishús** (51.146.08) Mál nr. BN059192
Skjalnr. 14531
Flísar og steinn ehf., Haukdælabraut 64, 113 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu og aukaíbúð á jarðhæð, einangrað að utan og klætt málmklæðningu á lóð nr. 42 við Haukdælabraut. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Erindi fylgir yfirlýsing hönnuðar um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóða dags. 1. apríl 2021. Stærð, A-rými: 344,7 ferm., 1.426,5 rúmm.
B-rými: 16,8 ferm. Gjald kr. 12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021 samþykkt.
7. **Bröndukvísl 15, (fsp) breyting á notkun bílskúrs** (04.235.508) Mál nr. SN210563
Skjalnr. 14528
Gunnar Örn Jóhannsson, Bröndukvísl 15, 110 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Gunnars Arnar Jóhannssonar, dags. 9. ágúst 2021, um breytingu á notkun bílskúrs á lóð nr. 15 við Bröndukvísl sem felst í að útbúa herbergi í skúrnum og taka niður bílskúrhurð og setja þess í stað vegg og glugga. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. ágúst 2021 samþykkt.
8. **Kringlan 4-12, (fsp) nýr byggingarreitur** (01.721.0) Mál nr. SN210561
Skjalnr. 6039
Andri Þór Arinbjörnsson, Marbakkabraut 34, 200 Kópavogur
Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram fyrirspurn Andra Þórs Arinbjörnssonar f.h. Reita, dags. 5. ágúst 2021, um að gera nýjan byggingarreit á hluta bílastæðis á lóð nr. 4-12 við Kringluna fyrir þjónustu og verslun, samkvæmt uppdr. dags. 26. júlí 2021. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. ágúst 2021 samþykkt.

9. **Njarðargata 5, Breyta hluta kjallara úr sameign í séreign** (11.855.09) Mál nr. BN059254
Skjalnr. 5577
Gunnar Magnússon, Kárastígur 13, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 10. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og eignarhaldi í kjallara, byggja svalir, bæta flóttaleiðir úr kjallara, breyta skipulagi íbúða og breyta notkun bílskúrs í vinnustofu í húsi nr. 5 á lóð við Njarðargötu. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Stækkun er: xx,xx ferm., xx,xx rúmm. Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 27. apríl 2021 og yfirlit breytinga, ódagsett, samþykki eigenda dags. 21. júní 2021. Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. maí 2021, bréf hönnuðar dags. 27. júlí 2021, útreikningur birtuskilyrða hönnuðar móttekið 3. ágúst 2021. Gjald kr.12.100
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021 samþykkt.
10. **Þórðarhöfði 4, (fsp) staðsetning ökutækjaleigu** (04.053.1) Mál nr. SN210540
Skjalnr. 14135
Samgöngustofa, Ármúla 2, 108 Reykjavík
Lagt fram bréf Samgöngustofu, dags. 14. júlí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn vegna umsóknar Ragnars Þórs Ægissonar, f.h. BSM ehf. um að reka ökutækjaleigu að Þórðarhöfða 4. Sótt er um leyfi fyrir 100 ökutækjum til útleigu. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júlí 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 16. júlí 2021 samþykkt.
11. **Fiskislóð 16-32 og Grandagarður 16-32, breyting á deiliskipulagi** (01.115.004) Mál nr. SN210466
Skjalnr. 14508
Andri Klausen, Tómasarhagi 27, 107 Reykjavík
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Andra Klausen f.h. eigenda dags. 22. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Örfiriseyjar vegna lóðanna nr. 16-32 við Fiskislóð og 39-93 við Grandagarð. Í breytingunni felst að lóð B er stækkuð til að umlykja núverandi hús að Fiskislóð 28 og lóð C minnkar því sem um nemur. Einnig er lagður fram uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 18. ágúst 2018 br. 22. júní 2021.
*Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*
12. **Grandavegur 47, breyting á deiliskipulagi** (01.521.2) Mál nr. SN210509
Skjalnr. 12770
Jakob Emil Líndal, Huldubraut 34, 200 Kópavogur
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 13. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Jakobs Emils Líndal f.h. ALARK arkitekta ehf. dags. 7. júlí 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Grandavegar, Lýsis og SÍS vegna lóðarinnar nr. 47 við Grandaveg. Í breytingunni felst að fjölga íbúðum á jarðhæð um tvær og fella út starfsemi fyrir verslun, sjúkrahjálfun og sólbadstofu í rýmum 00-05 og 00-06, samkvæmt uppdr. ALARK arkitekta ehf. dags. 9. ágúst 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
*Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir óveruleg breytingu á deiliskipulagi á grundvelli málsmeðferðar skv. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga og þarf að greiða skv. 8.2. gr. gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1472/2020, áður en breytingin er auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.*

13. **Lautarvegur 8, (fsp) stækkun lóðar** (01.794.3) Mál nr. SN210576
Skjalnr. 14165
Jón Þór Þorvaldsson, Logafold 128, 112 Reykjavík
Bstjóri ehf., Lautarvegi 8, 103 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Jóns Þórs Þorvaldssonar dags. 13. ágúst 2021 um stækkun lóðarinnar nr. 8 við Lautarveg, samkvæmt tillögu Úti og inni arkitekta dags. 12. ágúst 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2021.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 11. júní 2021 eru ekki gerðar athugasemdir við að fyrirspyrjandi láti vinna tillögu að breytingu á deiliskipulagi í samræmi við erindið, á eigin kostnað. Tillagan verður grenndarkynnt þegar hún berst.
14. **Vesturgata 2, breyting á deiliskipulagi** (01.140.0) Mál nr. SN210565
Skjalnr. 7502
Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 102
Tvíeyki ehf., Skildinganesi 11, 101 Reykjavík
Lögð fram umsókn Davíðs Kristjáns Chatham Pitt f.h. Tvíeyki ehf., varðandi breytingu á deiliskipulagi Grófarinnar vegna lóðarinnar nr. 2 við Vesturgötu. Í breytingunni felst að gera svalir á bakhlið (norðurhlið) húss í porti ásamt flóttastiga, stækka geymslur undir hluta af svölum og gera bólverk (gamlan hafnarkant) sýnilegan að hluta, samkvæmt uppd. Davíðs Kr. Pitt arkitekts dags. 25. júlí 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 5. október 2021.
*Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.*
15. **Þverholt 13, breyting á deiliskipulagi** (01.244.1) Mál nr. SN210151
Skjalnr. 7538
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík
Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur
Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa sex hæða íbúðarhús á lóðinni, með að hámarki 38 íbúðum, þar sem 5. og 6. hæð eru inndregnar. Í bílgeymslu verða 25 bílastæði, en ekið verður í bílgeymslu nyrst á lóðinni. Lóð austan við hús verður í samræmi við lóð á reit E og innan lóðar verður tenging frá lóð að Þverholti ásamt því að tenging milli baklóða reits E og Þverholts 13 verður tekin upp á ný á lóð Þverholts 13, samkvæmt uppd. ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021. Tillagan var auglýst frá 5. maí 2021 til og með 22. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir/umsögn: Hólmfríður Traustadóttir dags. 25. apríl 2021 og 16. júní 2021., Búseti f.h. Hólmfríðar Traustadóttur, tveir póstar, dags. 16. júní 2021, Búseti f.h. Páls Guðna dags. 16. júní 2021, Ólöf Regína Torfadóttir Thoroddsen dags. 21. júní 2021, Guðríður Þorsteinsdóttir dags. 22. júní 2021 og Veitur dags. 22. júní 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 25. júní 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.
16. **Barðavogur 24, (fsp) stækkun húss** (01.442) Mál nr. SN200591
Skjalnr. 14350
T.ark Arkitektar ehf., Hátúni 2B, 105 Reykjavík
Þorsteinn Sigmarsson, Barðavogur 24, 104 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Ivons Stefáns Cilia dags. 23. september 2020 um stækkun hússins á lóð nr. 24 við Barðavog, samkvæmt breyttri tillögu dags. 15. ágúst 2021. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021 samþykkt.

17. **Blönduhlíð 9, (fsp) kvistir** Mál nr. SN210577
Skjalnr. 12420
Harpa Heimisdóttir, Blönduhlíð 3, 105 Reykjavík
Guðrún Björg Ragnarsdóttir, Blönduhlíð 9, 105 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Hörpu Heimisdóttur dags. 13. ágúst 2021 um að setja tvo kvisti á húsið á lóð nr. 9 við Blönduhlíð, samkvæmt tillögu ódags.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
18. **Friggjarbrunnur 31-33, Parhús** (26.935.09) Mál nr. BN059740
Skjalnr. 11840
Friðrik Atli Guðmundsson, Tröllaborgir 18, 112 Reykjavík
Halldóra Sólbjartsdóttir, Tröllaborgir 18, 112 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til þess að byggja parhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílgeymslum á lóð nr. 31-33 við Friggjarbrunn.
Stærð: 340.4 ferm., 1.110.9 rúmm. Nýtingarhlutfall: 0.75. Erindi fylgir lóðauppdráttur 2.693.5 dags. 28.02.2020, og hæðablað 2.693.5 útg. B-3 dags. febrúar 2011. Gjald kr. 12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
19. **Háaleitisbraut 1, breyting á deiliskipulagi** (01.252.1) Mál nr. SN210571
Skjalnr. 10336
Ragnar Auðunn Birgisson, Reyðarkvísl 19, 110 Reykjavík
Sjálftæðisflokkurinn, Pósthólf 5296, 125 Reykjavík
Lögð fram umsókn Ragnars Auðuns Birgissonar dags. 11. ágúst 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1. Í breytingunni felst að í stað skrifstofuhúsnæðis í suðaustur hluta lóðarinnar kemur nýtt íbúðarhús með 29 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 76. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreiningar per íbúð/fm helst óbreytt. Byggingarreitur nýs íbúðarhúss er skipt upp í ytri og innri byggingarreit ásamt því að byggingarmagn eykst o.fl., samkvæmt. uppdrætti THG arkitekta ehf. dags. 26. júlí 2021.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.
Vakin er athygli á að erindið fellur undir gjaldskrá vegna kostnaðar við skipulagsvinnu og útgáfu framkvæmdaleyfis í Reykjavíkurborg nr. 1472/2020.
20. **Starengi 2, breyting á deiliskipulagi** (02.384.0) Mál nr. SN210061
Skjalnr. 9975
Engjaver ehf, Litlakrika 24, 270 Mosfellsbær
VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram umsókn Jóhanns Harðarsonar dags. 22. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Engjahverfis C hluta vegna lóðarinnar nr. 2 við Starengi. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit vegna viðbyggingar og hækkun hússins um eina hæð. Fyrirhugað er að byggja vindfang við inngang á jarðhæð og stigahús sem aðkomu að viðbyggingu á efri hæð, samkvæmt uppdr. VA arkitekta ehf. dags. 19. janúar 2021. Einnig er lagður fram tölvupóstur Bjargar Ólafsdóttur, Þóreyjar Gylfadóttur og Óskars Pálssonar dags. 20. maí 2021 þar sem gerðar eru athugasemdir og óskað eftir framlengingu á athugasemdafresti. Tillagan var grenndarkynnt frá 19. apríl 2021 til og með 14. júní 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ásdís Kristinsdóttir dags. 11. maí 2021, Auður Ágústardóttir dags. 31. maí 2021, Gísli Júlíusson og Sigríður Þorvaldsdóttir dags. 10. júní 2021 og stjórn húsfélagsins Starengi 8-20 f.h. íbúa í Starengi 8-20b, dags. 14. júní 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júní 2021 og er nú lagt fram að nýju.
Vísad til skipulags- og samgönguráðs.

21. **Kollagrund 2, Klébergsskóli, minnkun** (32.484) Mál nr. SN210582
 lóðar og stofnun nýrra lóða Skjalnr. 10170
 Lagt fram bréf Landupplýsingadeildar dags. 17. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir samþykki skipulagsfulltrúa fyrir minnkun lóðarinnar að Kollagrund 2 og stofnun tveggja nýrra lóðarbúta, samkvæmt breytingarblaði dags. 17. ágúst 2021 og lóðauppdraetti dags. 17. ágúst 2021, vegna kaupa Vegagerðarinnar á tveimur bútum úr lóðinni Kollagrund 2 undir breikkun Vesturlandsvegur.
Ekki eru gerðar athugasemdir við erindið. Samræmist deiliskipulagi.
22. **Langtímastæði fyrir húsbíla, möguleg staðsetning** Mál nr. SN210581
 Skjalnr.
 Lagt fram bréf íþrótt- og tómstundasviðs dags. 15. júní 2021 þar sem óskað er eftir viðræðum við skipulagsfulltrúa um mögulega staðsetningu á svæði fyrir langtímabílastæði fyrir húsbíla.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
23. **Rafstöðvarvegur 4, (fsp) uppbygging** (04.250.7) Mál nr. SN210570
 Skjalnr. 14536
 Hallgrímur Þór Sigurðsson, Heiðarlundur 15, 210 Garðabær
 Arkþing - Nordic ehf., Hallarmúla 4, 108 Reykjavík
 Lögð fram fyrirspurn Hallgríms Þórs Sigurðssonar dags. 10. ágúst 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 4 við Rafstöðvarveg skv. tillögu Arkþings - Nordic ehf. dags. 1. ágúst 2021. Einnig er lagt fram fylgiskjal dagsett í júlí 2021.
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
24. **Úlfarsbraut 122-124, breyting á skilmálum** (05.055.7) Mál nr. SN210446
 Skjalnr. 12583
 VA arkitektar ehf., Borgartúni 6, 105 Reykjavík
 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
 Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Hebu Hertervig, dags. 15. júní 2021, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags útvistarsvæðis í Úlfarsárdal vegna lóðarinnar nr. 122-124 við Úlfarsbraut. Í breytingunni felst að settur er sér hæðarkóti fyrir stigahús vatnsrennibrautar, samkvæmt uppdr. Landmótunar dags. 7. júní 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2021 til og með 16. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
25. **Sifjarbrunnur 7, Einbýlishús með aukaíbúð** (50.552.04) Mál nr. BN059751
 Skjalnr. 14385
 Sveinn Óskar Þorsteinsson, Brúnastaðir 59, 112 Reykjavík
 Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjöleignahús með innbyggðum bílskúr úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 7 við Sifjarbrunn.
 Stærð er: 301,6 ferm., 1.116,1 rúmm. Gjald kr.12.100
Vísad til umsagnar verkefnisstjóra.
26. **Hlemmur, reitur 1.240.0, Hlemmtorg,** (01.240.00) Mál nr. SN210185
 Skjalnr.
 Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs að breytingu á deiliskipulagi Hlemmur og nágrenni, eða deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, sem samþykkt var 19. mars 2020 í borgarráði og tók gildi við birtingu auglýsingar í B deild Stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020. Í breytingunni felst afmörkun nýrra lóða ásamt öðrum tilfæringum á Hlemmtorgi svo sem legu borgarlínu nær húslínu við Hverfisgötu nr. 117-125, og norðurhluta Rauðarárstígs svo sem hjólastæðum.
Vísad til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

27. **Melgerði 9, (fsp) sólskáli** (01.815.3) Mál nr. SN210426
Skjalnr. 13331
Georg Bergþór Friðriksson, Melgerði 9, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Georgs Bergs Friðrikssonar, dags. 17. maí 2021, um að setja sólskála við austurhlíð hússins á lóð nr. 9 við Melgerði, samkvæmt skissum á samþykktar byggingarnefndarteikningar Ágústs Þórðarsonar, dags. júlí 1988.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
28. **Njálsgata 77, Svalir - 1. 2. og 3ju hæð** (11.910.20) Mál nr. BN059743
Skjalnr. 14540
Njálsgata 77, húsfélag, Njálsgötu 77, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að koma fyrir svölum á 1. 2. og 3. hæð fjölbýlishúss á lóð nr. 77 við Njálsgötu.
Gjald kr. 12.100
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
29. **Skeljanes 2, (fsp) viðbygging og bílaeymsla** (01.675.1) Mál nr. SN210539
Skjalnr. 5768
Jón Magnús Halldórsson, Blómvellir 16, 221 Hafnarfjörður
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Jóns Magnúsar Halldórssonar, dags. 20. júlí 2021, um stækkun hússins á lóð nr. 2 við Skeljaben sem felst í því að gera bílgeymslu og forstofu með þaksvölum og tröppum niður í garð, samkvæmt uppdr./fyrirspurnarteikningum K.J.ARK slf. dags. 20 júlí 2021. Einnig er óskað eftir niðurrífi á stakstæðri bílgeymslu á lóð. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021..
Umsögn skipulagsfulltrúa dags, 20. ágúst 2021 samþykkt.
30. **Grettisgata 53A, breyting á deiliskipulagi** (01.174.2) Mál nr. SN210273
Skjalnr. 5777
Hlynur Sæmundsson, Grettisgata 53A, 101 Reykjavík
Archus slf., Stórhöfða 17, 110 Reykjavík
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Guðmundssonar dags. 8. apríl 2021 ásamt bréfi dags. 6. apríl 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi reits 1.174.2 vegna Grettisgötu 53A. Í breytingunni felst stækkun á vesturhlíð hússins, samkvæmt uppdr. Archus slf. dags. 15. júní 2021. Einnig er lögð fram umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 7. apríl 2021. Tillagan var grenndarkynnt frá 15. júlí 2021 til og með 16. ágúst 2021. Engar athugasemdir bárust. Einnig er lögð fram ábending Veitna dags. 5. ágúst 2021.
Samþykkt með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar.
31. **Laufásvegur 73, (fsp) stækkun húss o.fl.** (01.197.1) Mál nr. SN210397
Skjalnr. 10548
Guðbjörg Karen Axelsdóttir, Laufásvegur 73, 101 Reykjavík
M11 teiknistofa ehf., Blönduhlíð 6, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. júlí 2021 var lögð fram fyrirspurn Hugrúnar Þorsteinsdóttur dags. 25. maí 2021 um stækkun hússins á lóð nr. 73 við Laufásveg sem felst í því að gera viðbyggingu á suðvesturluta lóðar. Einnig er óskað eftir að reisa pergólu á lóðinni, gróðurhús, áhaldaskúr og skjólgirðingu, samkvæmt uppdr. M11 Teiknistofu dags. 25. maí 2021. Fyrirspurninni var frestað, fyrirspyrjandi hafi samband við embætti skipulagsfulltrúa, og er nú lögð fram að nýju. Einnig er lagður fram lagfærður uppdr./fyrirspurnartillaga dags. 17. ágúst 2021 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021.
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 20. ágúst 2021 samþykkt.

32. **Snorrabraut 60, breyting á deiliskipulagi** (01.193.4) Mál nr. SN210476
Skjalnr. 6940
Feier ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 6. ágúst 2021 var lögð fram umsókn Helga Konráðs Thoroddsen, dags. 25. júní 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Heilsuverndarreits vegna lóðarinnar nr. 60 við Snorrabraut. Í breytingunni felst að nýr byggingarreitur kemur fyrir einnar hæðar viðbyggingu við bakinngang á vesturhlíð núverandi byggingar, nýr afgirtur köfnunarefnistankur kemur við norðurgafli núverandi húss og tvö bílastæði með afkomu um Egilsgötu eru talin með til bílastæðabókhalds, samkvæmt uppdr. Kanon arkitekta dags. 22. júní 2021, br. 16. ágúst 2021. Erindinu var vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju.
Samþykkt að grenndarkynna framlagða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi fyrir hagsmunaaðilum að Egilsgötu 3 og Snorrabraut 58.
Vakin er athygli á að greiða þarf fyrir grenndarkynningu áður en kynning fer fram samkv. 7. 6.gr. sbr. gr. 12. í gjaldskrá skipulagsfulltrúa nr. 1231/2018.
33. **Fiskislóð 35, (fsp) uppbygging** (01.086.4) Mál nr. SN210575
Skjalnr. 14537
Sigurður Hallgrímsson, Stórákur 7, 210 Garðabær
Fiskislóð 35 ehf., Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík
Lögð fram fyrirspurn Sigurðar Hallgrímssonar dags. 12. ágúst 2021 um uppbyggingu á lóð nr. 35 við Fiskislóð skv. uppdr. og þrívíddarmyndum Arkþings - Nordic ehf. móttakið 12. ágúst 2021.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.
34. **Flugvöllur, Nauthólsvegur 68 - Flugskýli og tengibygging** (01.689.9) Mál nr. BN059588
Skjalnr. 11372
Öryggisfjarskipti ehf, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík
Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. júlí 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 13. júlí 2021 þar sem sótt er um leyfi til að byggja flugskýli, mhl. 07, fyrir tvær þyrlur og gera tengibygginu á tveimur hæðum, sem sem tengist núverandi flugskýli og á að hýsa skrifstofur, mötuneyti starfsmanna, búningsklefa og hvíldarrými fyrir stafsfólk, á lóð nr. 68B við Nauthólsveg flugvöllur. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt ram að nýju.
Bréf frá umsækjanda dags. 29. júní 2021 fylgir. Stærð: 2.881,6 ferm., 18.740,7 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Vísað til skipulags- og samgönguráðs.
35. **Héðinsgata 2, tímabundin undanþága frá starfsleyfi - umsagnarbeiðni** (01.327.5) Mál nr. SN210498
Skjalnr. 8604
Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík
Lagt fram erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 18. ágúst 2021 þar sem óskað er eftir umsögn um athugasemdir Vöku dags. 13. ágúst 2021 á fyrirhugaðri synjun ráðuneytisins um tímabundna undanþágu frá kröfu um starfsleyfi að Héðinsgötu 2 fyrir úrgang þ.e. móttöku á bílum til úrvinnslu.
Vísað til umsagnar verkefnisstjóra.

36. **Leifsgata 28, þak hækkað - breyta svölum** (11.953.03)

Mál nr. BN058846
Skjalnr. 13202

Dóra Björt Guðjónsdóttir, Leifsgata 28, 101 Reykjavík

Lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 17. ágúst 2021 þar sem sótt er um leyfi til að breyta kvistum þannig að suðurhluti þaks er hækkaður og svalir stækkaðar auk þess sem sótt er um áður gerðar breytingar á íbúð 0401 á húsi á lóð nr. 28 við Leifsgötu.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 2 febrúar 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021. {Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 28. maí 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. maí 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 31. maí 2021. Stækkun: 7,3 ferm., 68,7 rúmm. Gjald kr. 12.100

Vísað til meðferðar hjá verkefnisstjóra.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 13:28.

Björn Axelsson

Ólafur Melsted

Lilja Grétarsdóttir

Helena Stefánsdóttir

Ólöf Sara Gregory